



Kópavogur 23. febrúar 2021.

Til: Fulltrúar í Íþróttaráði Kópavogs.**Efni:** Staða og aðstaða sunddeildar Breiðabliks í Kópavogi.

Í Sundlaug Kópavogs og Salalaug fer nú fram mjög umfangsmikið og árangursríkt starf hjá Sunddeild Breiðabliks. Í deildinni eru nú um 170 sundmenn sem nýta þá aðstöðu sem í Kópavogi er að finna og er það mikil fjölgun frá fyrri árum. Til að setja þessa fjölgun í samhengi þá fór fjöldi iðkenda úr 125 á síðasta ári í 170 þrátt fyrir áhrif COVID-19 á samfélagið og íþróttastarf í landinu. Að auki erum um 60 börn á sundnámskeiðum á hverjum tíma.

Á síðasta ári eignaðist Breiðablik 13 Íslandsmeistaratitla í sundi, átti 12 sundmenn í landsliðum Íslands og þar að auki var Íþróttamaður Breiðabliks árið 2019 sundmaður úr Sunddeild Breiðabliks. Þetta er mikið gleðiefni og geta íþróttaráðsfulltrúar verið stoltir af þessum glæsilega árangri.

En vita íþróttaráðsfulltrúar að verið er að takmarka aðstöðu þessa íþróttafólks í sundlaugum bæjarins? Vita íþróttaráðsfulltrúar að á sama tíma og svona vel gengur hefur deildin þurft að vísa um 10 iðkendum frá nú um áramót vegna plássleysis og biðlistar eru á sundnámskeið? Að á æfingatíma í innilaug Salalaugar þurfa iðkendur í yngri hópum að deila lauginni með almenningi og börnum að leik með tilheyrandi truflun og vegna þessa getur sunddeildin eingöngu tekið á móti 10 börnum í einu þar á æfingu, þrátt fyrir umfram eftirspurn? Að meðan á æfingum stendur í innilaugum þurfa þjálfarar stöðugt að vísa almenningi frá sem samkvæmt skilaboðum frá starfsfólki sundlaugarinnar telur sig mega vera í lauginni eins og það vill. Eins og staðan er í dag þarf sundfólkið til dæmis að gefa eftir 1. brautina í innilaug Kópavogslaugar fyrir örfáa sundlaugargesti sem ekki vilja nota útilaugina. Það eru engar ýkjur að tala um „örfáa sundlaugargesti“. Á hefðbundnum degi er hér um að ræða u.þ.b. 5-10 manns. Þetta er í raun sambærilegt við það að körfuknattleiksdeild Breiðabliks þyrfti að gefa eftir hluta íþróttasalarins í Smáranum á meðan á æfingum stæði, þar sem af einhverjum ástæðum væri það ákveðið að Kópavogsbúar yrðu alltaf að hafa aðgang að einni körfu í íþróttasal Smárans. Það myndi þykja fráleitt af öllum sem þekkja til íþróttamála í Kópavogi.

Fyrir þá sem ekki þekkja til þá eru í innilaug Sundlaugar Kópavogs sex brautir. Fyrir yngri iðkendur deildarinnar þýðir það að frá kl. 16:00-17:30 deila fjórir hópar, hátt í 70 sundmenn, fimm brautum á meðan ein braut þarf alltaf að vera laus fyrir þá sundlaugargesti sem ekki vilja nota útilaugina. Fyrir eldri iðkendur, afrekshópin okkar, eru einnig aðeins fimm brautir í boði. Þetta eru sundmenn sem eru í landsliðum Íslands og margfaldir Íslandsmeistarar. Þar að auki er ekki lengur pláss fyrir þennan hóp í



sundlauginni til þrekæfinga en deildin hefur þurft að leigja sérstaklega sal Boot Camp í Sporthúsinu til þess að veita afreksfólki sínu ásættanlega aðstöðu. Svona lagað þekkist ekki hjá öðrum sundfélögum sem þessir iðkendur keppa við. Ef Íþróttaráð telur mikilvægt að öflugt afreksstarf verði sjálfsagður og eðlilegur þáttur í sundstarfinu og þetta íþróttafólk haldist í Kópavogi er nauðsynlegt að sýna því virðingu í verki og bæta aðstöðu þeirra til æfinga.

Tilkoma innilaugar í Sundlaug Kópavogs var bylting fyrir það æfinga- og keppnisstarf sem á sér stað í sunddeild Breiðabliks. Í dag er Breiðablik eitt öflugasta sundfélag landsins með fjölmarga Íslands-meistara og landsliðsfólk í sínum röðum. Þegar innilaugin var opnuð var miðað við að sunddeildin nyti forgangs í lauginni og fengi þá aðstöðu sem þarf til að skapa öflugt íþróttastarf fyrir sundfólk frá 6 ára og eldri. Það eru engar ýkjur að fjarstæða þætti hjá öðrum sundfélögum landsins að tekin væri sundbraut af sundfólki fyrir örfáa sundlaugargesti. Hjá Sundfélagi Hafnarfjarðar, Íþróttabandalagi Reykjanesbæjar og þeim Reykjavíkurlíðum sem Breiðablik keppir við þykir eðlilegt að sundlaugar og bakkasvæði séu lokuð almenningi á meðan æfingar fara þar fram. Okkur þykir það illskiljanlegt hvers vegna Breiðablik fær ekki sömu aðstöðu og virðingu fyrir sínu starfi og önnur lið sem okkar sundfólk keppir við.

En þetta er sú staða sem eitt öflugasta sundfélag landsins býr við, en það er auðvitað ekki minnst á þessa staðreynd þegar fagnað er samfelldum straumi verðlauna á Íþróttahátíð Kópavogs sem berast inn í félagið í gegnum sunddeildina og styrkir enn frekar ímynd Kópavogsbæjar sem öflugs íþróttasamfélags. Þetta er í rauninni smámál að laga og snýst um að sýna núverandi og upprennandi afreksfólki þá virðingu sem það á skilið. Nú er staðan sú, eins og áður sagði, að ásókn yngstu íþróttaiðkenda í Kópavogi til að stunda sundæfingar er slík að vísa verður fjölda iðkenda frá vegna plássleysis.

Við gerum ráð fyrir því að Íþróttaráð telji mikilvægt að búa iðkendum, afreksfólki og þjálfurum framúrskarandi aðstöðu svo það góða starf sem nú er til staðar fái að vaxa og dafna í stað þess að þessir hópar leiti í önnur félög til þess að fá betri aðstöðu til æfinga og verðskuldaða viðurkenningu á starfi sínu.

Með von um að Íþróttaráð Kópavogs taki á þessu máli af myndugleika og skynsemi.

Fh. Sunddeildar Breiðabliks

Jónína Guðmundsdóttir formaður sunddeildar Breiðabliks

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri Breiðabliks